



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum í skóla- og frístundaráði um skólaráð í grunnskólum

Á 179. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 11. febrúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum fram svohljóðandi fyrirspurn:

SAMFOK hefur lengi fengið þau skilaboð frá foreldrum að töluvert vanti upp á að starfsemi skólaráða sé samkvæmt lögum og reglum. Við teljum það mjög alvarlegt þegar ráðin eru ekki rétt skipuð og starfsemi þeirra ekki samkvæmt lögum og reglum. Enda er þá ekki um sannarlegt samstarf að ræða.

- 1. Hefur skóla- og frístundasvið gert sér grein fyrir þessari stöðu og hversu alvarleg hún er?*
- 2. Er einhver starfsmaður skóla- og frístundasviðs sem ber ábyrgð á því að fylgjast með því hvort skólaráðin starfi eftir lögum og reglum? Ef ekki teljið þið það nauðsynlegt?*
- 3. Eru einhver viðurlög við því þegar skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?*
- 4. Er til einhver áætlun um inngrip ef skólaráðin starfa ekki samkvæmt lögum og reglum?*
- 5. Nú þegar ljóst er hversu slæm staðan er verður eitthvað gert í því?*
- 6. Í reglugerðinni kemur fram að fundargerðir skuli birtar á vef skólans en við hönnun vefsíðnanna var ekki gert ráð fyrir skólaráðunum og vantar þau ennþá á allmargar heimasíður. Hvers vegna var ekki gert ráð fyrir þeim í hönnunarferlinu?*

Greinargerð fylgdi.

Svar:

Skólaráð starfa samkvæmt 8. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Í lögum um grunnskóla er fjallað um hlutverk og helstu verkefni skólaráðs og hvernig það skuli skipað. Skólastjóri hvers skóla stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun og starfi þess. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs tekur undir að það sé ekki ásættanlegt ef skólaráðin í grunnskólum borgarinnar séu ekki rétt skipuð og starfsemi þeirra ekki samkvæmt lögum og reglum.

Starfshópur um samráð við foreldra um skólahald í leik- og grunnskólum sem skilaði skýrslu í febrúar 2016 gerði ítarlega könnun á starfsemi skólaráða í grunnskólum og setti fram tillögur um að sett yrðu viðmið um gæði skólaráða í grunnskólum og foreldraráða í leikskólum, að

útbúið yrði handbók fyrir skólaráð og foreldraráð, að SAMFOK og Félag foreldra leikskólabarna í samstarfi við SFS stæðu árlega fyrir umræðufundum fyrir fulltrúa í þessum ráðum um hlutverk skólaráða og foreldraráða og að tengsl forystu skólamála í borginni við skólaráð í grunnskólum og foreldraráð í leikskólum yrði augin. *Handbók um skólaráð* var gefin út 2017 í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Drög að handbókinni voru borin undir fulltrúa SAMFOKS, Heimilis og skóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Umboðsmanns barna, o.fl. Hún var kynnt fyrir skólastjórum grunnskólanna og hefur verið aðgengileg á heimasíðu skóla- og frístundasviðs (https://reykjavik.is/sites/default/files/handbokskolarad_150615.pdf). Einnig voru sett saman viðmið og gæði skólaráða í grunnskólum borgarinnar sem skólastjórnendur geta stuðst við í starfsemi skólaráðanna. Skóla- og frístundasvið lét jafnframt gera stutt myndband árið 2016 til að útskýra starfsemi skólaráðanna á einfaldan hátt.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur ýmsar leiðir til að fylgjast með starfsemi skólaráða í grunnskólum borgarinnar. Starfsáætlanir og skóladagatöl grunnskólanna eru kölluð inn á hverju ári og lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar. Starfsáætlanirnar og skóladagatölin eru ekki samþykkt nema fyrir liggi formlegt samþykki skólaráðs viðkomandi skóla. Starfsáætlanir grunnskólanna eru yfirfarnar skv. sérstökum gátlista og þar er m.a. kannað hvort í starfsáætlun sé að finna kynningu á skólaráðinu og starfsreglur þess og hvort verkefnaskrá skólaráðs sé birt. Skólastjórar geta séð af gátlistanum hvort gerðar eru athugasemdir við þessa þætti af hálfu þess sem fer yfir starfsáætlunina.

Lausleg og óformleg könnun á heimasíðum helmings grunnskólanna í borginni í lok júní 2020 leiddi í ljós að flestir skólanna eru með greinargóðar upplýsingar um skólaráð á heimasíðum sínum. Almennt eru skólarnir með upplýsingar um nöfn og netföng skólaráðsfulltrúa og aðrar upplýsingar um starfsemi skólaráða, flestir með krækjur á fundargerðir og margir birta skipulag og starfsáætlun skólaráðanna. Aðeins þrír af átján skólum eða rúm 15% voru ekki með upplýsingar um skólaráð á heimasíðum sínum.

Við framkvæmd ytra mats á grunnskólum á vegum skrifstofu SFS eru m.a. tekin rýnihópaviðtöl við skólaráð þess skóla sem er í ytra mati hverju sinni. Metið er sérstaklega hvort skólaráð séu starfandi og hvort fulltrúar séu valdir lýðræðislega af sínu baklandi og hvort þeir sitji til minns tveggja ára. Farið er sérstaklega yfir hvort fulltrúar grenndarsamfélagsins séu virkir þátttakendur í skólaráði skólans, hvort skólaráð fundi reglulega og taki virkan þátt í stefnumótun skólans, hvort fundargerðir skólaráðs séu aðgengilegar á heimasíðu, hvort fulltrúar nemenda í skólaráði séu virkir og upplýsi nemendur um málefni er þá varða, hvort fulltrúar nemenda í skólaráði fái til þess fræðslu og þjálfun, að hagsmunaaðilar skólastarfsins, t.d. skólaráð geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats, hvort umbótaáætlanir skólans séu bornar undir skólaráð með formlegum hætti.

Þegar ráða þarf nýjan skólastjóra við grunnskóla í borginni hefur það verklag verið viðhaft um árabíl að óskað er eftir að skólaráð viðkomandi skóla setji saman stutta lýsingu á skólanum, sérstöðu hans og helstu áherslum í skólastarfinu. Fulltrúi grunnskólahluta fagskrifstofu hefur gjarnan setið þá fundi skólaráðs þar sem farið er yfir lýsingarnar. Skólaráðið fær þannig

möguleika á að taka þátt í að móta áherslur fyrir ráðningarferlið og vekja athygli áhugasamra umsækjenda um viðkomandi skólastjórastöðu.

Loks má geta þess að á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og mannréttinda-, nýsköpunar-og lýðræðisráðs sem haldinn var þann 25. júní 2020 var samþykkt tillaga um að fela sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og grunnskóla í Reykjavík, að vinna markvisst að lýðræði í skólastarfi og umbótum á starfi skólaráða m.a. varðandi kosningu fulltrúa, upplýsingamiðlun skólaráða og stuðning við fulltrúa nemenda. Skólastjórnenndur og nemendur fái fræðslu og stuðning til að tryggja að skólaráð sé virkur samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Könnun um starfsemi skólaráða verður lögð fyrir skólastjórnenndur og fulltrúa nemenda í skólaráði á árinu 2021 til að meta árangur aðgerða.